

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 180/1955. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

**Árna Steindóri Guðmundssyni**

(Guttormur Erlendsson).

Dó m e n d u r :

**hæstaréttardómaramarnir** Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal prófessor.

Þjófnaður.

### Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Árni Steindór Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar og Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Siglufjarðar 15. september 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 15. september, var í sakadómi Siglufjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Einari Ingimundarsyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 51/1955: Ákærvaldið gegn Árna Steindóri Guðmundssyni. Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 9. sama mánaðar, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Árna Steindóri Guðmundssyni verkamanni, sem talinn er í ákæruskjali eiga heimili á Túngötu 10, Siglufirði,

og er hann ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 15. maí 1955 tekið að ófrjálsum úr kápuvasa að Vesturbraut 10 í Hafnarfirði kr. 200.00, sem hann sló eign sinni á og eyddi í óreglu, en brot þetta er talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafizt í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. nóvember 1898 að Háagerði í Hofshreppi, og hefur hann, svo vitað sé, sætt eftirfarandi kærum og refsingum:

1951 21/10 Rvík. Kærður fyrir ökugjaldssvik. Afturkallað.

1953 13/5 Rvík. Dómur: 60 daga varðhald, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1953 18/12 Rvík. Dómur: Fangelsi, 2 mánuðir, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1954 13/4 Rvík. Dómur: Fangelsi í 3 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn, sem fyrir liggja í máli þessu, eru málavextir þessir:

Á vertíðinni síðastliðinn vetur var ákærði í Hafnarfirði og bjó á Hverfisgötu 19 B þar í bæ.

Í kringum 11. maí lenti hann í óreglu og kveðst eftir það hafa verið ölvaður af og til í 4—5 daga.

Eftir hádegi sunnudaginn 15. maí kom hann í húsið nr. 10 við Vesturbraut, og kveðst hann hafa ætlað að hitta þar Ólaf Gíslason, sem þar býr, og krefja hann um kr. 20.00, sem hann hafi átt hjá honum. Var Ólafur þá ekki heima. Kveðst ákærði hafa gengið inn í stofu og verið þar einn litla stund. Sá hann þar kvenkápu, sem hékk á þili, og veitti því athygli, að peningaveski stóð upp úr kápuvasanum. Tók ákærði veskið, opnaði það, tók úr því 2 hundraðkrónaseðla og stakk þeim í vasa sinn. Síðan lét hann veskið í kápuvasann aftur. Peningana kveðst ákærði hafa tekið til þess að slá eign sinni á þá. Eftir þetta kveðst ákærði hafa farið út úr húsinu og eytt síðan peningunum í áfengi og bifreiðar. Þegar þetta gerðist, kveðst ákærði hafa verið talsvert ölvaður, og segir hann ástæðuna fyrir því, að hann tók peningana, hafa verið þá, að hann hafi verið peningalaus og hafi vantað fé fyrir áfengi.

Peninga þá, sem ákærði tók þannig að ófrjálsum, átti Sigrún Margrét Jóhanna Sigmarsdóttir, ráðskona hjá fyrrnefndum Ólafi

Gíslasyni. Var hún í húsinu, þegar ákærði framdi stuldinn, en þó í öðru herbergi. Varð hún þess fljótlega vör, eftir að ákærði fór út úr húsinu, að peningarnir voru horfnir, en náði samt ekki í hann, þótt hún reyndi það. Tilkynnti hún lögreglunni á staðnum þá þjófnaðinn, og var ákærði handtekinn um miðnætti aðfaranótt þess 16. maí s.l.

Eigandi peninganna, fyrrnefnd Sigrún Margrét Jóhanna Sigmarasdóttir, hefur krafizt þess, að ákærði greiddi sér þær 200 krónur, sem hann tók frá henni, og hefur ákærði tjáð sig fúsan til þess, jafnskjótt sem hann gæti.

Með játningu ákærða og öðru því, sem upplýst er í máli þessu, telst sannað, að hann hafi slegið eign sinni á umræddar 200 krónur, og telst hann með því athæfi sínu hafa gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans samkvæmt nefndri grein og með tilliti til fortíðar ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Þá ber samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hinna almennu hegningarlaga að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða Sigrúnu Margréti Jóhönnu Sigmarasdóttur, Vesturbraut 10 í Hafnarfirði, kr. 200.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar hdl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

#### Dómsorð:

Ákærði, Árni Steindór Guðmundsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Sigrúnu Margréti Jóhönnu Sigmarasdóttur kr. 200.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði einnig allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ármanns Jakobssonar hdl., kr. 300.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.